

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um ríkisborgararétt.

Hinn 17. febrúar 2012 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um ríkisborgararétt sem gerður var í Kaupmannahöfn 13. september 2010. Samningurinn öðlaðist gildi 5. september 2012. Samtímis féll úr gildi samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt sem gerður var í Kaupmannahöfn 14. janúar 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 25/2003 þar sem samningurinn er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um ríkisborgararétt.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar (hér eftir nefndar samningslöndin) hafa orðið ásáttar um eftirfarandi samning um ríkisborgararétt:

I. KAFLI**Markmið samningsins.****1. gr.**

Samningur þessi, sem byggist á náinni samvinnu Norðurlandanna, hefur að markmiði að auðvelda norrænum ríkisborgurum að öðlast eða hljóta að nýju ríkisborgararétt í öðru norrænu landi.

II. KAFLI**Ákvæði um hvaða þýðingu búsetutími hefur í öðru samningslandi.****2. gr.**

Þegar beitt er ákvæðum landslaga, þar sem búsetutími í landinu fyrir tiltekinn aldur er skilyrði til að geta öðlast ríkisborgararétt, er heimilt að meta búsetu í einu samningslandi eða fleiri til jafns við búsetu í samningslandi sem sá sem gefur tilkynningu óskar að öðlast ríkisborgararétt í. Þetta á þó aðeins við að svo miklu leyti sem um búsetutíma var að ræða síðustu 5 ár fyrir tilkynningu og áður en sá sem gefur tilkynningu varð fullra 16 ára.

3. gr.

Þegar beitt er ákvæðum landslaga um að hljóta ríkisborgararétt að nýju til handa þeim, sem höfðu búið í samningslandinu áður en þeir misstu ríkisborgararéttinn, er heimilt að meta búsetutíma í einu samningslandi eða fleiri til fullnaðs 12 ára aldurs til jafns við búsetutíma í samningslandinu sem sá sem gefur tilkynningu óskar að öðlast ríkisborgararétt í.

4. gr.

Ákvæði um missi ríkisborgararéttar í samningslandi vegna lítilla tengsla við það til fullnaðs 22 ára aldurs gilda ekki um þann sem hefur samanlagt haft búsetu í einu samningslandi eða fleiri að lágmarki 7 ár.

III. KAFLI**Ákvæði um að öðlast ríkisborgararétt og hljóta hann að nýju.****5. gr.**

Samningslöndin skulu hafa ákvæði sem fela í sér að ríkisborgari samningslands geti, með skriflegri tilkynningu til hlutaðeigandi stjórnvalds í öðru samningslandi, öðlast ríkisborgararétt í því landi, að því tilskildu að hann:

1. sé fullra 18 ára,
2. hafi verið búsettur í samningslandinu undanfarin 7 ár, og
3. hafi ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öðrum viðurlögum sem samkvæmt lögum þess samningslands eru lögð að jöfnu við refsivist.

Sérhvert samningsland getur ákveðið skemmri búsetutíma en greinir í 2. tl. 1. mgr.

Sérhvert samningsland getur haft ákvæði um að sá sem gefur tilkynningu afpláni ekki refsingu þegar tilkynning er gefin né hafi afplánað refsingu á síðastliðnum 7 árum eða styttri búsetutíma sem samningslandið hefur ákveðið. Sérhvert samningsland getur einnig haft ákvæði um að sá sem gefur tilkynningu sæti ekki öðrum viðurlögum sem samkvæmt lögum þess samningslands eru lögð að jöfnu við refsivist þegar tilkynning er gefin né hafi sætt slíkum viðurlögum á því tímabili sem getið er um í fyrsta málslið.

Sérhvert samningsland getur haft ákvæði um að veiting ríkisborgararéttar á grundvelli tilkynningar sé háð því skilyrði að sá sem gefur tilkynningu hafi ekki öðlast ríkisborgararétt sinn með umsókn eða með foreldrum sínum samkvæmt umsókn þeirra.

Sérhvert samningsland getur haft ákvæði um að sá sem öðlast ríkisborgararétt þar með tilkynningu verði að sýna fram á að hann missi við það fyrri ríkisborgararétt sinn.

6. gr.

Samningslöndin skulu hafa ákvæði sem fela í sér að ríkisborgari samningslands, sem áður hefur átt ríkisborgararétt í öðru samningslandi, hljóti að nýju ríkisborgararétt sinn með skriflegri tilkynningu til hlutaðeigandi stjórnvalds í því landi eftir að hafa tekið upp búsetu þar.

Einungis er þó unnt að öðlast ríkisborgararétt að nýju ef viðkomandi hefur óslitið haldið ríkisborgararétti sínum í einu samningslandi eða fleiri eftir að hann missti þann ríkisborgararétt sem hann óskar að hljóta að nýju.

Sérhvert samningsland getur haft ákvæði um að sá sem öðlast ríkisborgararétt þar með tilkynningu verði að sýna fram á að hann missi við það fyrri ríkisborgararétt sinn.

7. gr.

Öðlist ríkisborgari samningslands ríkisborgararétt í öðru samningslandi samkvæmt ákvæðum 5. eða 6. gr. skulu samningslöndin hafa ákvæði um að ógift börn hans yngri en 18 ára öðlist sama ríkisborgararétt svo fremi að skilyrðum í löggjöf samningslandsins um ríkisborgararétt sé fullnægt.

IV. KAFLI

Lokaákvæði.

8. gr.

Sérhvert samningsland skal þegar í stað tilkynna hinum samningslöndunum um þær breytingar á löggjöf sinni um ríkisborgararétt sem þýðingu hafa fyrir þennan samning. Skulu samningslöndin þá hið fyrsta athuga sameiginlega hvort þær breytingar gefi tilefni til breytinga á samningnum. Breytingar á samningi þessum skulu gerðar skriflega.

9. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar liðnir eru 30 dagar frá þeim degi er öll samningslöndin hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu skriflega að þau staðfesti samninginn. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningslöndunum um viðtöku þessara tilkynninga og um gildistöku þess samningsins.

Frá og með gildistöku þessa samnings fellur úr gildi samningur sem gerður var í Kaupmannahöfn 14. janúar 2002 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinnna ákvæða um ríkisborgararétt.

10. gr.

Samningsland getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna það skriflega til danska utanríkisráðuneytisins sem skýrir hinum samningslöndunum frá viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

Uppsögn samningsins nær aðeins til samningslandsins sem tilkynnt hefur um uppsögn. Uppsögnin öðlast gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningu um uppsögn.

11. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum samningslöndunum í té staðfest afrit hans.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar samningslandanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 13. september 2010 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.